

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
13. maí 2011	
8.12.0	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. maí 2011  
Tilvisun: UST20110200124/abg

### Efni: Fjarðalax ehf. eldi á 1500 tonnum af laxi í Arnarfirði

Umhverfisstofnun vísar til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. apríl sl. þar sem óskað er eftir frekari umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindar framkvæmdar í ljósi viðbótargagna. Umhverfisstofnun hafði áður veitt umsögn um málið dags. 14. mars 2011.

### Lífriki Arnarfjarðar

Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari upplýsingum um lífríki Arnarfjarðar t.d. hvort að á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði sé hrygningar- eða uppeldisstöðvar annarra fiskitegunda eða rækju.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram svarar að lífríki Arnarfjarðar sé ágætlega vel þekkt og að ekki sé þekkt rækjulosóð í Fossfirði. Ekki er þar heldur að finna þekkt fiskimið, uppeldisstöðvar eða hrygningarsvæði fiska. Fjarðalax vísar til gagna frá Hafrannsóknarstofnun og reynslu sjómanna á svæðinu en engar heimildir eða gögn þess efnis fylgdu svarinu.

Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslu Radgivende Biologer AS kemur fram að árlega sé veidd 400 tonn af rækju í Arnarfirði, mest í Geirþjófsfirði og Borgarfirði.

### Straumar

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að engin umræða hafi verið í greinargerð framkvæmdaraðila um það hver meðalstraumur á fyrirhuguðu eldissvæði væri en straumur hafi samkvæmt fylgiskjali aðeins verið mældur í 33 klukkustundir. Umhverfisstofnun benti á að æskilegt er að straumhraði sé mældur a.m.k. 2 vikur samfelld.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í umsögn Umhverfisstofnunar gæti misskilnings því að straumur hafi verið mældur í 7 vikur samfelld eða á tímabilinu 14. desember til 31. janúar.

Jafnframt koma fram þær upplýsingar að meðalstraumur á 18 metra dýpi hafi verið 4,2 cm/sek og hámarksstraumur 21,5 cm/sek.

Umhverfisstofnun fellst á að hér gæti verið um misskilning að ræða en bendir á að í fylgiskjali 3, (*Heimild: Héðinn Valdimarsson, óbirt gögn Hafrannsóknastofnunar*) sem fylgdi greinargerð segir orðrétt „Myndir hér að ofan sýna hlaupandi meðaltal straumstyrks (cm/sek) og stefnu hafstrauma yfir 33 klst tímabil, á 18 m, 34 m og 58 m dýpi í Fossfirði“. Umhverfisstofnun telur að mikilvægt sé að upplýsingar séu settar fram á sem skýrastan hátt til að koma í veg fyrir misskilning.

### **Sammögnunaráhrif og burðarþol**

Umhverfisstofnun taldi í umsögn sinni að nánar þyrfti að fjalla um sammögnunaráhrif þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er í Arnarfirði. Fram kemur í greinargerð Fjarðalax frá 17. febrúar 2010 að átta punktar séu skráðir til eldis eða ræktunar í firðinum og þar af fjórir tengdir Fjarðalaxi. Þá hefur Arnarlax ehf. í hyggju að koma upp 3000 tonna eldi í Arnarfirði.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt mati Johnsen og Tveranger (2011) þá er Arnarfjörður A2 svæði ef horft er til norska burðarþolsmatskerfi LENKA fyrir strandsvæði. Burðarþol Suðurfjarðanna sé samkvæmt því 4950 tonn og að utanverður Arnarfjörður beri 9720 tonn.

Umhverfisstofnun bendir á ósamræmi í gögnum framkvæmdaraðila. Í greinargerð Fjarðalax frá 17. febrúar 2010 segir að „viðtakinn sé skilgreindur sem svæði innan við þróskuldinn norðan Langaness sem þverar fjörðinn frá norðri til suðurs. Samkvæmt greinargerðinni þá er svæðið 56 km<sup>2</sup> og burðarþol þess svæðis er þá 2520 tonna framleiðsla á ár ef miðað er við LENKA viðtakamatið.“

Í skýrslu Radgivende Biologer AS frá 15. apríl 2011 kemur fram að Fjarðalax hafi áform um að hefja fiskeldi á tveimur stöðum í kvíum í Arnarfirði. Aðaláhersla verði lögð á kvíaeldisstaðinn í Fossfirði en eldið verði skipulagt þannig að út verði sett 1 milljón seiða sem verða á fódurum í 2 ár. Framleiðsla fisks er því áætluð að vera u.þ.b. 4500 tonn. Eftir slátrun þá verður svæðið hvílt í eitt ár. Annar hluti áætlunarinnar eru kvíar fyrir ströndum Álftamýrar við norðanverðan Arnarfjörð. Þar ætlar fyrirtækið að hefja framleiðslu á eldislaxi með 670 þúsund seiðum og er framleiðslan áætluð að verða u.þ.b. 3000 tonn við slátrun. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að samkvæmt LENKA aðferðinni og FjordEnv líkaninu þá muni 5000 tonna framleiðsla á fiski í Arnarfirði ekki hafa veruleg umhverfisáhrif í firðinum. Að auki er vísað í niðurstöður umhverfisáhrifa vegna fiskeldis úr Harðangursfirði í Noregi.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 20. apríl 2011 vegna framleiðslu á 3000 tonnum af laxi í sjókvíum í Arnarfirði á vegum Arnarlax ehf. segir á bls. 9 „Því telur Skipulagsstofnun að Arnarlax ehf. geti lagt saman burðargetu Borgarfjarðar og Suðurfjarða og um sé að ræða eitt þynningarsvæði geti skv. LENKA borið um 3500 tonn“.

Umhverfisstofnun telur ekki vera hægt að líta fram hjá því að kæmi til þess að fyrirtækin Fjarðalax ehf. og Arnarlax ehf. hæfu bæði fullan rekstur sinnar starfsemi, auk þeirra sem nú þegar hafa fengið leyfi til fiskeldis í firðinum, yrðu umtalsverðar líkur á því að farið verði

fram úr burðargetu svæðisins ef horft er til LENKA viðtakamatsins. Umhverfisstofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar dags. 20. apríl sl. að á þeim forsendum er mikilvægt að gerðar séu rannsóknir á svæðinu sjálfu en ekki vísað til rannsókna á Harðangursfirði í Noregi.

Telur Umhverfisstofnun mikilvægt að ítarlegri rannsóknir séu gerðar á svæðinu áður en fyrirhuguð fiskeldi hefjist svo fyrir liggja við veitingu starfsleyfis hve þolmörk svæðisins eru. Bendir stofnunin á að eins og fram kemur í bréfi Fjarðarlax ehf. að LENKA mat sé gróft og aðeins notað til frumrannsókna.

### Niðurstöður

Umhverfisstofnun telur að víða gæti ósamræmis í skýrslum og greinargerðum Fjarðarlax og vill stofnunin ítreka að mikilvægt er að málgögn séu skýr og að samræmi sé í gögnum. Ef nýjar upplýsingar hafi komið fram sem breyti fyrri útreikningum þá er mikilvægt að á það sé bent og þær forsendur séu útskýrðar. Umhverfisstofnun ítrekar fyrri umsögn sína og telur að ekki séu líkur á því að framleiðsla Fjarðalax eins og sér á 1500 tonna árlegu sjókvíaelði í Arnarfirði hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun bendir þó á að hámarkslífmassi eldis Fjarðalax í firðinum verði 3000 tonn á tilteknu tímabili auk þess sem Arnarlax hyggi á 3000 tonna framleiðslu einnig í suðurfjörðum Arnarfjarðar. Að auki hafa verið gefin út átta leyfi í firðinum til eldis eða ræktunar sem óvissa ríkir um hvort fari í rekstur. Umhverfisstofnun telur því mikla óvissu liggja fyrir um þau umhverfisáhrif sem samanlögð starfsemi í Arnarfirði getur komið til með að valda á vistkerfi fjarðarins og telur stofnunin ljóst að ef allar fyrirhugaðar eldisframkvæmdir fara af stað í firðinum verði farið fram úr burðargetu svæðisins ef horft er til LENKA viðtakamatsins. Umhverfisstofnun ítrekar það sem kemur fram í fyrri umsögn stofnunarinnar um nauðsyn á heildstæðri úttekt á álagi Arnarfjarðar, enda sækist margir hagsmunaaðilar eftir nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem þar er að finna.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

A. Birna Guð.  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir